UST
Umhverfisstofnun
Environment and Food Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík, Iceland
(+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. apríl 2008
Tilvísun: UST20080300104/bs

**Efnistaka úr Háuhnúkum við Vatnsskarð, Grindavíkurbæ. Tillaga að matsáætlun**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 19. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umvherfisstofnunar um ofangreinda tillögu að matsáætlun.
Umhverfisstofnun telur umfjöllun um núllkost ófullnægjandi og villandi. Stofnunin telur að umfjöllun eigi ekki að vera einhliða rökstuðningu frekari framkvæmda. Umhverfisstofnun getur ekki fallist á að núllkostur gæti leitt til skorts á fyllingarefni á höfuðborgarsvæðinu ef litið er til þeirrar efnistöku sem fyrirhuguð er á vegum ýmissa aðila í nágrenni höfuðborgarinnar.
Umhverfisstofnun telur að gera eigi grein fyrir hvort unnt sé að draga úr sjónrænum áhrifum efnistökunnar á vinnslutíma og gera nánari grein fyrir endanlegum frágangi námusvæðisins. Hér er sérstaklega átt við hvort unnt sé að milda áhrif stálhæðar í SA jaðri námunnar.

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson

Guðríður Þorvarðardóttir